

saman um taxtann. Hæpið mun það þó vera, að Alþingi fái stítt til þess að fara hana.

Þá gæti komið til mála, að semja nýjan taxa og leggja frv. fyrir alþingi í þá átt. Móti þessu mælir, að slíkt er nokkurt vandaverk, en auk þess sjálfsagt, að lækna-stéttinni gefist kostur á að segja álit sitt um málið, sem væntanlega gæti orðið á almennum lækna-fundi 1919. Stjórn Lf. Ísl. treystist því ekki til, að gera tillögu um nýjan taxa, enda óvíst hvort alþingi hefði ekki viljað láta endurskoðun taxans fylgjast með launamálinu.

Þriðja úrræðið er, að leita dýrtíðaruppbótar til bráðabyrgða á borgun fyrir lækna-störf, en halda að öðru leyti töxtunum óbreyttum. Þessa leið taldi stjórn Lf. Ísl. óbrotnasta og fór því fram á það við landsstjórnina, að hún legði fyrir Alþingi frv. um hækkan á borgun fyrir öll lækna-verk, sem nemi því er peningar hafa falliði verði frá 1914-1918 og þá væntanlega eigi minna en 100%. Er hér í raun og veru ekki að ræða um neina hækkan frá því sem var, heldur ráðstöfun til þess að hinir afarlágu taxtar falli ekki í dýrtíðinni niður úr öllu valdi.

Allir fulltrúar félagsins eru sammála stjórninni um þetta og allir þeir héraðslæknar, sem málið hefir verið borið undir. Er vonandi, að alþingi bregðist vel við þessari sanngirniskröfu lækna-stéttarinnar.

2. Almennan lækna-fund boðar stjórn Lf. Ísl. ekki í þetta sinn, nema áskoranir berist um það efni frá héraðslæknum. Samgöngur eru erfiðar og dýrt að ferðast, Alþingi yrði væntanlega lokið áður fundur kæmist á, svo hann gæti engin áhrif haft á gerðir þess. Aftur ber brýna nauðsyn til, að fundur komist á næsta sumar meðan þing situr, og að lækna- hafi þá gert ákveðnar tillögur um nauðsynlegar endurbætur á sínum högum.

3. Vikaramálið hefir verið að nokkru athugað. Sér stjórnin fél. væntanlega þeim fyrir vikörum, sem þess óska, áður en langt um líður.

G.H.

*Má nefna sem dæmi, að skoðun á sjúkl. í fyrsta sinni kostar í Noregi 2-3 kr. og á nú að hækka upp í 3-5 kr., en fyrir röska klukkutíma ferð (tæpa 10 km.) fá lækna- þar 7-8 kr. og ókeypis flutning. Næturtaxti 30-50% hærri. Og þó eru laun norsku lækna- miklu hærri, byrjunarlaunin 2000-5000 kr. og hækka um 200 kr.3., 6. og 9. árið eða 600 kr. alls.



Flugukast - námskeið

Nokkrir læknar lögðu leið sína á námskeið í Egilshöll um daginn til að undirbúa sumarið og æfa sig í flugukasti. Aðalkennari á námskeiðinu var Jónas Magnússon sem kominn var frá Bandaríkjunum til að sýna fólki réttu handbrögðin, ekki með skurðhnífinn á lofti heldur með flugukaststöngina. Og virtist hvorki kennara né nemendum leiðast þegar *Lækna-bláðið* renndi við til skoða þessa kennslu. Hinu hundrað ára gamla Læknafélagi er ekkert óviðkomandi og flugukast er þar ekki undanskilið. Einn meginboðskapur kennarans var þessi: Ekki nota alltof mikið afl við flugukast. Það eina sem þarf að gera er að sveigja stöngina, sem síðan kastar línunni. – Myndirnar voru teknar á námskeiðinu í Egilshöll.



Jónas að kenna Gunnari Bjarna Ragnarssyni krabbameinslækni réttu handbrögðin og hugar-farið.